



16. október 2008
SI-44714

Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35
105 Reykjavík
b.t. Jóns Steindórs Valdimarssonar, framkv.stj.

Vísað er til bréfs Samtaka iðnaðarins til Seðlabanka Íslands, dags. 11. október sl. og tölvupósts til bankans um sama efni í gær 15. október.

Seðlabankinn er fyllilega sammála þeirri skoðun sem Samtök iðnaðarins setja fram í nefndum bréfum. Sala Seðlabankans á gjaldeyri til bankastofnana hefur ekki einskorðast við þá flokka sem nefndir voru sem dæmi í tilmælum Seðlabankans um temprun útflæðis á gjaldeyri 10. október sl. Engri beiðni um vöruinnflutning hefur verið hafnað, hvort heldur sem um hefur verið að ræða hráefni til iðnaðar, fóðurvörur eða annað.

Sjálfsgagt er að koma á framfæri því sem hér er sagt. Seðlabankinn telur það best gert með því að birta á heimasíðu sinni áður nefnt bréf Samtaka iðnaðarins frá 11. október sl. og þetta svarbréf Seðlabankans.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS